



## Fundargerð Stjórn SSA

### Reyðarfirði mánudag 1. mars. 2010 kl. 12.30.

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson ,Páll Baldursson,Valdimar O.Hermannsson,Íris Valsdóttir ,Ólafur Sigurðsson ,Ólafur Ármannsson og Baldur Pálsson ( varamaður. ) Guðmundur Ólafsson boðaði forföll. Framkvæmdastjóri er mættur.

Að loknum hádegisverði var gengið til fundar og fyrirliggjandi dagskár.

#### 1. Fundur settur.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna .

#### 2. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA 14.01.10

Fyrirspurnir um lið 5/4 og 9/1 sem framkvæmdastjóri svaraði . Fundargerðin síðan staðfest.

#### 3. Frá landshlutasamtökum. Lagt fram til kynningar :

3/1 SASS 431.fundur 12.02.10

Niðurlag 6 liðar rætt .

#### 4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 771. 29.01.10.

7. og 11. liður ræddir. ( sjá 4/2)

4/2 Framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva ferðamála. 04.02.10.

Framkvæmdastjóri upplýsti að tillöurnar hafi ekki borist, hann muni kalla eftir þeim. Æskilegt er að SSA í samráði við Ferðamálasamtökin og Markaðsráð Austurlands lýsi afstöðu til þeirra. Samþykkt .

#### 5. Sveitarstjórnarráðuneytið / Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .

5/1 Áætlað framlag 2010 ( br. 25.01.10)

Áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði til landshlutasamtakanna er alls kr. 140.5 millj. á árinu 2010. Það skiptist jafnt á milli þeirra 8 og gerir 17.6 millj á hvert þeirra.

5/2 Framlag v/ tilraunaverkefni SSA : Austurland eitt sveitarfélag.(br.05.02)

Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðsins hefur lagt til að verkefnið fái 4.0 milljónir til könnunra á hagkvæmni sameiningar allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA.

Sveitarstjórnarráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafanefndarinnar. Áætlun framkvæmdastjóra SSA frá 6. janúar sl. gerir ráð fyrir heildarkostnaði um 6.1 millj. við verkefnið frá 1/12 2009 -30/9 2010

Fram kemur í svari sjóðsins að nái áætluð markmið fram að ganga verður umsókn SSA tekin fyrir að nýju.

#### 6. 20/20 Sóknaráætlun landshluta . Sóknaráætlun Austurlands.

6/1 Stöðuskýrsla Austursvæðis : Töluleg samantekt expectus . janúar 2010.

Í umræðum kom fram að sumar upplýsingar í samantektinni eru of gamlar.

Í helstu niðurstöðum bls. 5 er margt áhugavert t.d.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnunum er lægst á Austurlandi -hlutfall þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga lægst-hlutfall barna með ummönnum er lægst-hlutfall erlendra ríkisborgara er hæst-launamunur kynjanna er mestur –fjárframlög pr. nemenda í grunnskólum er hæst-fáir íbúar lokið háskólaprófi við 24 ára aldur-skuldir sveitarfélaga pr. íbúa hvað hæstar –hæsta hlutfall íbúa á aldrinum 18-66 ára – atvinnuleysi talsvert undir landsmeðaltali -25% njóta hitaveitu sem er mð því lægsta.

6/2 Þjóðfundurinn Egilsstöðum 30. janúar 2010.

5 stjórnarmann sóttu þjóðfundinn. Hann var fyrsti þjóðfundur landshluta og sem slíkur “prufukeyrsla “ Undirbúningur í héraði sem var á hendi framkvæmdastjóra SSA og

starfsfólks Próunarfélagssins lenti í tímahraki þar sem fundarboðun og skipulag ( verkefnisstjórn og Expectus) lá ekki fyrir nægjanlega snemma. Alls mættu um 60 einstaklingar . Val einstaklinga úr þjóðskrá gekk ekki upp en hagsmunaaðilar skiluðu sér eftir allnokkurn eftirrekstur. Borðstjórar ( að sunnan ) voru á sínum fyrsta fundi . Aðferðafræðin VRIO + ,sem sumum fannst of þröng síun, skilaði eftirtöldum verkefnum sem **Sérstaða og tækifæri til sóknar.**

( Póstur þ.J. til aðildarsveitarfélaga og stjórnar 9. febrúar sl.)

- Vatnajökulspjóðgarður-Kverkfjöll og hálendið. ( Kárahnjúkavirkjun o.fl)
- Náttúran, jarðfræðin,víðerni dýralíf.
- Álheimar –Center of excellence
- Hreindýr.
- Vistvænn landbúnaður
- Hallormastaðaskógur.
- LungA og 700 is.
- Drekasvæðið
- Uppsjávarfiskur, nálægð við fiskimið.
- Strandveiðar.
- Fjölbreytt hráefni –ál-skógar-fiskur-landbúnaður-jarðefni
- Samgönguinnviðir : Alþjóðaflugvöllur –ferjuhöfn og nálægð við Evrópu  
( Samgönguöxlarnir 3)
- Austurland- eitt sveitarfélag ( verkefni SSA )

Framkvæmdastjóri upplýsti að nú væri hann með aðstoð Hafliða ÞFA að vinna úr þeim upplýsingum öðrum sem fram komu á fundinum. Fundur verður síðan á Akureyri 25. mars nk. þar sem niðurstöður úr hverjum landshluta verða kynntar.

Sóknaráætlun Austurlands verður síðan áfarm unnin með þær upplýsingar sem leiðarljós.

6/3 332. mál : *Tillaga til þingsályktunar um Sóknaráætlun .Umsagnar óskað .*  
Samþykkt að framkvæmdastjóri og formaður gefi umsögn í takt við umræður.

## **7.Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA : Starfshópur SSA.**

*7/1 Staða verkefnisins ,vinnufundur og frekari framvinda.*

Formaður sagði að nú væri unnið með form. og framkvæmdastjórum 5 nærstoðstofnana að söfnun upplýsinga í takt við samþykkt aðalfundar SSA 2009. Vinnuvefur sem Björg Ágústsdóttir heldur utan um hýsir verkefnið og þær upplýsingar sem unnið er með. Stýrihópurinn stefnir á vinnufund með form. og framkvæmdastjórum stoðstofnanna nk. mánudag 8. mars. Alls koma að verkefninu 15 einstaklingar.Til að tryggja að réttar upplýsingar um verkefnið og stöðu þess berist sveitarstjórnnum hefur stýrihópurinn ákveðið að bjóða einum til tveimur fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi að sitja vinnufundinn.Eftir vinnufundinn mun stýrihópurinn í samvinnu við stoðstofnanirnar vinna áfram með verkefnið og móta tillögur sem síðan þarf að kynna sveitarfélögunum fyrir aukaáðalfund SSA í apríl.nk. Staðfesti aukaáðalfundurinn tillögurnar þá hefur SSA og þær stoðstofnanir sem tillögurnar ná til tímenn til loka ársins 2010 til að ganga frá sínum samþykktum. Æskilegt er að nýtt skipulag samstarfsins taki þá gildi um nk. áramót.

*7/2 Auka aðalfundur SSA apríl 2010. ( Efni : Tillögur starfshópsins )*

Formaður leggur til að aukaáðalfundur SSA verði mánudaginn 19. apríl nk. Efni aukaáðalfundar verða tillögur stýrihópsins um “Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga og stoðstofnana í SSA”

Í umræðum stjórnarmann kom fram að rétt væri að nýta aukafundinn einnig til að kynna stöðuna í öðrum stórum verkefnum SSA ( Yfirfærsla á málefnum fatlaðara –

Austurland eitt sveitarfélag og Sóknaráætlun Austurlands) fyrrsveitarstjórnarmenn en þá er rúmur mánuður til sveitarstjórnarkosninganna.

Eftirfarandi samþykkt:

*Stjórn SSA samþykkir að aukaáðalfundur SSA 2010 verði mánudaginn 19. apríl nk. Efni fundarins eru tillögur Stýrihóps SSA um Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA. ( Samþykkt aðalfundar SSA 2009 )*

*Stjórn SSA felur form og framkvæmdastjóra að undirbúa fundinn og mælir með því að í lok fundarins eða strax að honum loknum verði kynning fyrir sveitarstjórnarmenn á stöðu eftirtalinna verkefna SSA:*

*Yfirfærsla á málefnum fatlaðara til sveitarfélaga-Austurland eitt sveitarfélag – Sóknaráætlun Austurlands.*

#### **8. Flutningur á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga : Starfshópur SSA.**

*8/1 Staða verkefnisins. Vinnufundir 18. janúar - 24. febrúar og 16. mars nk.* Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðuna og lagði fram minnisblað Soffíu Lárusdóttur sem kynnt var á vinnufundinum í Reykjavík 24. febrúar sl. Áður hafði starfshópurinn komið saman og lagt á ráðin með áherslur og fl. 18. janúar. Einnig fór hann yfir samantekt sína frá sama vinnufundi . Starfshópur SSA stefnir á vinnufund með starfsmönnum Svæðisskrifstofu og Félagsþjónustusvæðanna tveggja ( Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs ) *16. mars nk.* Góð vinna fulltrúa úr starfshópi SSA ( 4 ) með fulltrúum Svæðisskrifstofu (2) og Félagsþjónusrtusvæðanna ( 2 ) beggja fór fram á fundinum syðra . Tillöguhugmyndir sem þar voru sérstaklega ræddar í vinnuhópum t.d. Þjónustusvæði og skipulag , virðast falla vel að hugmyndum starfshóps SSA . Upp hafa komið raddir hjá sveitarstjórnarmönnum syðra að fresta yfirtökunni vegna ?? . Starfshópur SSA hefur samþykkt sérstaklega að fara eftir samþykkt aðalfundar SSA 2009 og vinnur að undirbúningnum með það að markmiði að yfirfærslan eigi sér stað um nk áramót. Sú ákvörðun var tilkynnt ( P.J.) á vinnufundinum syðra. Starfshópurinn stefnir á að heimsækja Akureyri og SSNV við tækifæri , sem hafa farið með þennan málaflokk síðustu ár og kynna sér fyrirkomulagið og starfsemina.

*8/2 Upplýsingar um undirbúning sveitarfélaga og myndun þjónustusvæða.* Framkvæmdastjóri upplýsti að þessi gögn frá félagsmálaráðuneytinu og Sambandi ísl. sveitarfélaga hafi verið send á öll aðildarsveitarfélögin og hvatti stjórnarmenn til þess að kynna sér þau vel .

#### **9. Tilraunaverkefnið:Austurland eitt sveitarfélag. Starfshópur SSA**

Staðan og framkvæmdaáætlun .

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Hafliði ÞFA væri búinn að setja upp vinnusíðu fyrir verkefnið og starfshópurinn er búinn að skipta sér niður í 3 hópa sem vinnur með ákveðna málaflokka.Nú ( febrúar /mars ) stendur yfir upplýsingaöflun og samantekt. Í apríl og maí er gert ráð fyrir könnun hjá sveitarfélögunum, þarfagreiningu og frekari úrvinnslu þeirra . Í júní og júlí gerir verkáætlun ráð fyrir samantekt og uppstillingu verkefnisins sem fer síðan til kynningar til aðildarsveitarfélaga í ágúst /sept. nk. tímanlega fyrir aðalfund SSA.

Framkvæmdastjóri upplýsir sveitarstjórnarráðuneytið ( Hermann , Stefaníu og Sigurð T.) reglulega um framvindu verkefnisins .Síðasti fundur var með þeim 12. febrúar og næsti fundur er fyrirhugaður í R.vík föstudaginn 12. mars. Fulltrúar ráðuneytisins munu mæta til fundar við starfshópinn í apríl mánuði nk. þar sem m.a verða til umræðu áherslur í aðkomu ríkisvaldsins .Sigurður T .og Hafliði í samvinnu við framkvæmdastjóra og hópstjóra vinna í samstarfi í þeim viðfangsefnum sem upp

koma á hverjum tíma. Verkefni Sveitarstjórnarráðherra, “Nýjar leiðir í samstarfi sveitarfélaga” og “20/20 Sóknaráætlun” ríkisstjórnarinnar eru í gangi samtímis tilraunaverkefni SSA og við nýtum okkur það sem þaðan kemur og styrkt getur okkar verkefni.

Með samþykkt stjórnar í lið 7/2 hér að framan verður staðan í verkefninu sérstaklega kynnt sveitarfélögum og fulltrúm þeirra á aukafundi SSA 19. apríl nk.

#### **10. Form SSA:**

##### **Samráðsfundur með bæjarráðum 3. ja aðildarsveitarfélaga 17.02.sl.**

Formaður upplýsti að óskað hafi verið eftir því að SSA boðaði samráðsfund bæjarráða Fjarðabyggðar, Fljótshéraðs og Seyðisfjarðar til að ræða m.a lausn á meðferð og úrvinnslu úrgangangs í landshlutanum, en það verkefni var afgreitt frá starfshópi SSA til aðalfundar SSA sl. haust. (greinargerð starfshópsins lá frammi) og fleiri samskipti sveitarfélaganna s.s samstarf skiðasvæðanna tveggja. Fundurinn fór fram á Reyðarfirði 17. febrúar sl. Í fjarveru framkvæmdastjóra SSA boðaði formaður SSA og sat fundinn ÓS sagði að bráðbirgðarniðurstæða hafi komist á varðandi urðunarmálin, en starfshópur sveitarfélaganna þriggja muni vinna verkefnið áfram. Fram kom að fundurinn var hinn “notalegasti” fleiri slíkir um samskipti og samvinnu sveitarfélaga geta verið mjög gagnlegir t.d. verið upplýsandi og eytt miskilningi og tortryggni ef til staðar er og styrkt samstarfið.

#### **11. Varasjóður húsnæðislána**

(sjá 3.lið í fundargerð framkvæmdaráðs SSA 14.01.10)

Framkvæmdastjóri lagði fram upplýsingar um svör aðildarsveitarfélaganna við pósti hans til þeirra 17. janúar.

3 sveitarfélög höfðu nýtt þjónustu sjóðsins 2009-tvö sótt um 2010- 3 sveitarfélög enga þjónustu nýtt 2009 -2010. Tvö sveitarfélög svöruðu ekki.

#### **12. Bréf og erindi sem borist hafa.**

*12/1 Starfsstöðvar Rúv á landsbyggðinni (ályktun stjórn SSA 27.01.10)*

**Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi** lýsir yfir mikilli óánægju með ákvörðun yfirstjórnar RÚV að leggja niður starfsstöðvar svæðisútvarpa þeirra landshlutastöðva, sem nú hefur verið tilkynnt um. Sú lágmarksþjónusta, sem boðuð hefur verið, er algjörlega óásættanleg og ber vott um mikið metnaðarleysi „útvarps allra landsmanna“, sem öllum íbúum landsins er gjört að greiða nefskatt til.

Fyrir liggur að svæðisútvarpsstöðvarnar hafa haft verulegar tekjur af auglýsingastarfsemi, þar sem fyrirtæki og einstaklingar á landsbyggðinni hafa nýtt sér þennan miðil í verulegum mæli. Þeim tekjum er nú kastað á glæ að stórum hluta.

Svæðisútvörp hafa aukið á samkennd íbúa fjórðunganna, en jafnframt verið miðlar, sem fjallað hafa um mismunandi áherzlu milli svæða og opnað á umræðu um fjölmörg hagsmunamál íbúanna. Umfram allt hefur þar verið fjallað um hið fjölmarga jákvæða starf, sem unnið er í öllum fjórðungum og sýnileiki byggðarlaganna verið meiri en ella fyrir vikið.

***Stjórn R'UV er hvött til að sjá til þess að undið verði ofan af framangreindri ákvörðun og hún dregin til baka. Einnig er skorðað á ráðherra mennta og menningarmála að lát málið til sín taka . fh. stjórnar SSA : Bj. Hafþór Guðmundsson form.***

*12/2 Mast : Matvælastofnun til framkvæmdastjóra 05.02.10.*

Svarbréf við erindi SSA 27. janúar vegna stuðnings við eftirlitsverkefni til Haust.

*12/3 Fréttatilkynning Alcoa Fjarðaál 09.02.10.*

Lat fram til kynningar.



12/4 *Lýðheilsustöð : SAFE COMMUNITES Ráðstefna 19.-20. maí.*  
Lagt fram til kynningar.

12/5 *Bréf menningar og frístundafulltrúa Fljótsdalshéraðs dags. 19.02.10.*  
Efni : Fljótsdalshérað taki að sér þátt handverks í menningarsamstarfi sveitarfélaga í nýjum menningarsamningi :  
Stjórn SSA samþykkir að vísa erindi bréfsins til Menningarfulltrúa og menningarráðs Austurlands.

13. Önnur mál.

13/1 *Úthlutun menningarstyrkja á Austurlandi 2010.*  
Framkvæmdastjóri sagði frá því að úthlutun menningarstyrkja hafi farið fram í Sláturhúsinu –Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs sl fimmtudag 25.febrúar. Hann flutti þar kveðju SSA og stjórnar til listamanna , menningarráðs og gesta. Uthlutað var styrkjum að upphæð kr. 23.0 milljónum. Mikil gróska er í menningu og listum í landshlutanum og fram kom ríkur vilji til að viðhalda , varðveita og efla þennan þátt í austfirsku menningarlífi.

13/2 *Þekkingarnet Íslands ráðstefna 23. mars. nk.*  
Framkvæmdastjóri sagði frá því að Þekkingarnet Austurlands í samstarfi við Mennta og menningarmálaráðuneytið standi fyrir ráðstefnu á Reyðarfirði þar sem kynntar verða niðurstöður úr þekkingaryfirfærsluverkefninu “ Net University” þar er fjallað um lausnir og leiðir í átt að samræmdu dreifinámsframboði.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit því fundi :

Sign :Þorvaldur Jóhannsson